

Nd.

359. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. orðist svo: Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 25 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosninguna eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvortveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu o. s. frv.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem hjer um ræðir, inn í meginmál laga nr. 86, 22. nóv. 1907.